

Höfn

Ari Gíslason skráði.

Jörð í Skeggjastaðahreppi, næst við Bakka. Örnefni eru safn Þórarins í Steintúni, en yfir það fór Lúðvík kaupfélagsstjóri á Bakkafirði.

Bærinn Höfn hefur staðið, þar sem nú er þorpið Bakkafjörður. Verður þá fyrst farið með sjó og byrjað á merkjum móti Steintúni. Þar heitir **Tóarnef** (1); er rétt suðvestur af Steintúni, bjargnef, sem gengur þar fram. Undir Tóarnefi er í björgunum skál; þar heitir **Litlató** (2); í henni er **Flekkubás** (3). Þá er vík austan við bæinn á Björgum, sem heitir **Sæluvík** (4). Vestan við víkina er tangi, sem heitir **Sæluvíkurtangi** (5). Þar var hár bakki, nú braut, upp í Sæluvík; er landingin á Bjargi.

Björgin frá Tóarnefi suður og vestur heita **Rauðubjörg** (6), og fjaran fyrir neðan þau heitir **Hurðarbak** (7). Rauðubjörgin eru talsvert stórt svæði, enda rétt fyrir ofan húsið á Bjargi, og ná út undir Litlutó.

Býlið, sem nú er vestan við Sæluvík og á hjalla undir björgunum, heitir nú **Bjarg** (8). Áður var þarna býli, sem þá hét **Rauðubjörg** (9). Þar voru miklar tættur, sem nú hafa verið sléttadar út. Þar komu upp einkennileg bein, þegar grafið var þar. Gamlar sagnir herma, að bændur þar, eða jafnvel heilar fjölskyldur, hafi verið drepnar af bjarndýrum. Einnig, að jörðin ætti eftir að fara aftur í eyði á sama hátt. Þá heitir **Skot** (10); er rétt innan við Rauðubjörg, þar sem þau eru orðin lág. Þar rak hval eitt sinn.

Rétt innan við Skotið heitir **Ytri-Stekkjarfjara** (11). Þar á milli er nafnlaus fjara. Út af þessari Ytri-Stekkjarfjöru er **Langaflúð** (12); þar flæddi fé stundum. Þar næst er svo **Heimri-Stekkjarfjara** (13). Gleymszt hefur, að í Rauðubjörgum, eða uppi á þeim, er **Grímsgjá** (14). Þar á maður að hafa hrapað, blindur förumaður langt að kominn.

Rétt utan við Heimri-Stekkjarfjöru er lágt klettabelti, sem heitir **Ytraklif** (15). Þar lögðust eitt sinn tveir menn til svefns, en gátu ekki sofnað, og allt í einu heyrðu þeir úr klettinum eins og verið væri að raula við barn, svæfa það. Nokkru heimar er annað klettabelti, lítið áberandi. Það heitir **Heimaraklif** (16). Bæjarmegin við klifin er **Klifsmýri** (17). Heiman við Heimri-Stekkjarfjöru er svolítill víkurskora, nefnd **Kötlunesbás** (18). Þá er næst **Kötlunes** (19), nokkuð áberandi nes. Fram af Kötlunesi er **Kötlunesflúð** (20). Þá er næst **Hafnarvík**

(21), og meðfram henni og fyrir botni hennar er **Hafnarfjara** (22). Í henni að austan við Kötllunesið **Rostungsflúð** (23), en að vestan er **Hákarlöklopp** (24). Fyrir botni víkurinnar heitir **Klungur** (25), og upp af henni, á landi, er votlendisblettur, **Kelduföll** (26). Þar var smálind, sem nú er horfin. Þetta er nú ræktað land.

Vestan við víkina er **Hafnartangi** (27), þar sem húsin standa flest nú. Austan í honum eru klappir; það eru **Hákarlökklappir** (28). Þar er sérstæður drangur með grastopp á. Vestan við Hafnartangann var sker skammt frá landi; það hét **Hlass** (29). Nú hefur verið steipt út á skerið, svo það er bryggja og fyllt upp milli Hlass og lands. Þar innan við bryggjuna, inn í klettana, er vik fast við mannvirkin, sem heitir **Teistukriki** (30). Þar verpti teisti. Þar innar er drangur laus frá, sem heitir **Kerling** (31), sumir nefna hann **Karl** (32). Þar sunnar, syðst í þorpinu, eru **Mókollsstaðir** (33) og **Lindarbrekka** (34). Neðan við Lindarbrekku er skammt frá landi **Kvígildissker** (35). Þar var selalátur áður fyrr, og inn af því eru **Mókollsstaðaklappir** (36).

Þegar Mókollsstaðaklöppum sleppir, tekur við lítil fjara, sem heitir **Hvalfjara** (37), svo er smáklettur fram í sjó, en innan hans tekur við **Árfjara** (38), sem nær að **Hafnará** (39). Áin rennur þar í nokkuð djúpu gili, sem heitir **Árgil** (40). Við gilið er hæst fremst; þar er **Árgilspúfa** (41).

Rétt innan og ofan við Mókollsstaði er sléttur grasflötur, sem heitir **Torfa** (42), og upp af Torfu er kallað **Háls** (43). Bletturinn neðan við núverandi símstöð og að **Steinholti** (44) heitir **Götubakkar** (45). Rétt fyrir neðan Steinholt er klettur, sem heitir **Huldubær** (46); um hann hefur verið birt huldufólkssaga.

Upp af þorpinu hækkar landið bráðlega, og heitir þar **Bæjarbrekka** (47). Ásinn, sem hún er utan í, heitir **Bæjarás** (48). Austast á brekkubrúninni er klettur, nefndur **Dagmálahraun** (49), þar sunnar er svo **Hádegishraun** (50) og **Miðdegishraun** (51), sem er upp af símstöðinni. Innarlega á ásnum eru tvö klettabelti, sem heita **Innri-Skarfur** (52) og **Ytri-Skarfur** (53). Í Bæjarásnum, eftir endilöngu, er dalverpi, sem heitir **Mjóidalur** (54); þar var slegið.

Bak við Bæjarás er dalur, sem heitir **Bæjardalur** (55). Úr honum rennur **Bæjardalslækur** (56) niður á Klifmýrina og heitir **Kliflækur** (57) eftir það og rennur í Heimri-Stekkjarfjöru. Innst í Bæjardal er engjastykki, sem heitir **Bæjardalsblá** (58) og nær inn undir Fossá.

Þar upp af rís svo annar ás talsvert hærri. Hann heitir **Mánaðarás** (59). Ekki er neitt vitað um, af hverju nafnið er dregið. Framan í Mánaðarás, upp af Bæjardalsblá, er mýrarblettur, sem heitir **Neðrieyrar** (60). Út af ásnum og upp af býlinu Rauðubjörgum eru

mýrardrög, sem heita **Neðrislakki** (61) og **Efrislakki** (62). Brekkurnar þar upp af heita svo **Slakkabrekkur** (63).

Austan við Mánaðarás lækkar landið, og þar taka við svonefndar **Kvosir** (64). Fyrst, næst ásnum, er **Kvosarmelur** (65), og neðan þeirra, rétt utan við Fossá, er engjablettur, sem heitir **Efrieýrar** (66). Fyrir ofan Kvosarmel er mýrarsund, nefnt **Forarsund** (67). Inn af því er nokkuð stór flói, sem heitir **Kvosarflói** (68). Innan og ofan við flóann er brekka, nefnd **Kvosabringur** (69). Þar norður af er hluti af **Kríutjarnarflóa** (70) í landi jarðarinnar. Utan og ofan við Kvosaflóann er brekka, sem heitir **Urðarhlíð** (71), en hún er innst í **Vörðuás** (72).

Vörðuás er austur af Mánaðarás og Kvosum, austur við Álftavatnsdal. Austan eða sunnan við Vörðuás eru **Norðari-Álftavatnsdrög** (73) og **Austari-Álftavatnsdrög** (74). Þar austur af er **Álftavatnsdalur** (75), og inn af honum eða suður er **Álftavatn** (76). Eftir Álftavatnsdal er **Tóará** (77). Innan við vatnið eru svo **Álftavatnsbotnar** (78). Austur af Álftavatni er nafnlaus hryggur, og þar austar er **Mjóavatn** (79), og utan við vatnið er dalur, sem heitir **Mjóavatnsdalur** (80). Hryggurinn milli Mjóavatns og Álftavatns heitir **Vatnahryggur** (81).

Fossá (82) kemur úr Álftavatni og rennur í Hafnará. Innan við Fossá eru mýrarflákar, sem heita **Sigurðarstaðamýrar** (83). Austur af þessari mýri eru þrjár ásar, **Neðsti-Grenisás** (84), **Mið-Grenisás** (85) og **Efsti-Grenisás** (86). Innan við Mýrarnar er stykki, sem heitir **Flatir** (87), sem nær inn að **Sellækjarmóum** (88), en þeir draga nafn af **Sellæk** (89), sem kemur hér niður. Innan við hann er mýri, sem heitir **Sortudýsflói** (90). Inn og upp af Flötunum er bugur, sem heitir **Hvippa** (91); er myndaður af Mið-Grenisás og **Hafnarheiði** (92). Þetta er utan við Sellækinn. Fyrir ofan Hvippu og Sortudýsflóa er melhryggur, sem heitir **Hafnarholt** (93), en er mest talað um það fyrir innan Sellæk. Þar ofar heitir svo **Hafnardalur** (94); er inn af Grenisásum. Þegar honum sleppir, er stórt engjastykki, sem heitir **Sel** (95), og af sumum er það nefnt **Guðbjargarsel** (96). Fyrir ofan það er **Útburðartjörn** (97). Niður af selinu er kallað **Selsengi** (98).

Þegar Selsengi lýkur, er komið inn í svonefnda **Hestlæki** (99), sem þar liggja inn að Hafnará. Ofan við Hestlæki eru **Hestlækjahæðir** (100), og út af þeim eru **Hafnarhæðir** (101). Í þessum hæðum er smádalskora, sem heitir **Hafnarhæðadalur** (102). Út og austur af honum er **Illifló** (103). Þess skal geta, að langt er á milli Sellækjar, sem myndar Hafnardal, og Guðbjargarsels. Austan við Hestlækjarhæðir er **Krókavatn** (104). Úr því rennur á niður í Viðvíkurdal, sem heitir **Þverá** (105). Nokkuð langt innan við Hestlæki er flói, nokkuð

víðáttumikill, sem heitir Krútjarnarflói. Í honum er **Porskhausakelda** (106) á merkjum.
Gleymzt hefur **Sláttubrekkur** (107); þær eru ofan við Hvippuna.

Stafrófsskrá örnefna

Álftavatn 76	Huldubær 46
Álftavatnsbotnar 78	Hurðarbak 7
Álftavatnsdalur 75	Hvalfjara 37
Álftavatnsdrög, Austari- 74	Hvippa 91
Álftavatnsdrög, Norðari- 73	Illiflói 103
Árfjara 38	Innri-Skarfur 52
Árgil 40	Karl 32 = 31
Árgilspúfa 41	Kelduföll 26
Austari-Álftavatnsdrög 74	Kerling 31 = 32
Bjarg 8	Kliflækur 57
Bæjarás 48	Klifsmýri 17
Bæjarbrekka 47	Klungur 25
Bæjardalsblá 58	Kríutjarnarflói 70
Bæjardalslækur 56	Krókavatn 104
Bæjardalur 55	Kvígildissker 35
Dagmálahraun 49	Kvosabringur 69
Efrieýrar 66	Kvosarflói 68
Efrislakki 62	Kvosarmelur 65
Efsti-Grenisás 86	Kvosir 64
Flatir 87	Kötlunes 19
Flekkubás 3	Kötlunesbás 18
Forarsund 67	Kötlunesflúð 20
Fossá 82	Langaflúð 12
Grenisás, Efsti- 86	Lindarbrekka 34
Grenisás, Mið- 85	Litlató 2
Grenisás, Neðsti- 84	Mánaðarás 59
Grímsgjá 14	Miðdegishraun 51
Guðbjargarsel 96 = 95	Mið-Grenisás 85
Götubakkar 45	Mjóavatn 79
Hádegishraun 50	Mjóavatnsdalur 80
Hafnará 39	Mjóidalur 54
Hafnardalur 94	Mókollsstaðaklappir 36
Hafnarfjara 22	Mókollsstaðir 33
Hafnarheiði 92	Neðrieýrar 60
Hafnarholt 93	Neðrislakki 61
Hafnarhæðadalur 102	Neðsti-Grenisás 84
Hafnarhæðir 101	Norðari-Álftavatnsdrög 73
Hafnartangi 27	Rauðubjörg 6
Hafnarvík 21	Rauðubjörg 9
Hákarlakkappir 28	Rostungsflúð 23
Hákarlakköpp 24	Sel 95 = 96
Háls 43	Sellækjarmóar 88
Heimaraklif 16	Sellækur 89
Heimri-Stekkjarfjara 13	Selsengi 98
Hestlækir 99	Sigurðarstaðamýrar 83
Hestlækjahæðir 100	Skarfur, Innri- 52
Hlass 29	Skarfur, Ytri- 53
	Skot 10

Slakkabrekkur 63
Sláttubrekkur 107
Sortudýsflói 90
Steinholt 44
Stekkjarfjara, Heimri- 13
Stekkjarfjara, Ytri- 11
Sæluvík 4
Sæluvíkurtangi 5
Teistukriki 30
Tóará 77
Tóarnef 1
Torfa 42
Urðarhlíð 71
Útburðartjörn 97
Vatnahryggur 81
Vörðuás 72
Ytraklif 15
Ytri-Skarfur 53
Ytri-Stekkjarfjara 11
Þorskhausakelda 106
Þverá 105

ÖRNEFNASTOFNUN

Höfn

Skeggjastaðahr.

N-Múl.

Kvosamelur eða Kvosarmelur?

Kvosafloí eða Kvosarfloí?

Ósamræmi er í meðferð þessara nafna í skránni, og þarf að fá skorið úr, hvernig þau eru höfð í máli manna.

Höfn

Skeggjastaðahreppi

N.-Múl.

1. Eru skýringar til á nöfnunum Flekkubás og Sæluvík?
2. Draga Rauðubjörg nafn af rauðum lit?
3. Er Hurðarbak í hvarfi (frá bæ)? Er það á móti norðri?
4. Hvernig er landslag, þarssem heitir Skot?
5. Eru stekkjarrústir hjá Stekkjarfjörum?
6. Er skýring á nafninu Kötlunes?
7. Eru sagnir um nöfnin Hákarlaklöpp, Hákarlaklappir og Rostungsflúð?
8. Hvað er vitað um byggð á Mókollsstöðum? Eru þar rústir?
9. Hver mun skýring á nafninu Kvígildissker?
10. Heitir holtið Steinholt eða Steinsholt?
11. Hvar skyldi sagan um Huldubæ vera birt?
12. Er skýring á nöfnunum Innri- og Ytri-Skarfur?
13. Eru sagnir um nöfnin Guðbjærgarsel og Útburðartjörn?
Eru rústir í Seli? Er vitað, hve langt er síðan
haft var í seli þar?